

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

817. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 30. desember 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Erindi Húnavirkis ehf.
2. Áskorun frá stjórn USVH.
3. Ósk um lagningu hitaveitu að tilteknum lögbýlum í Miðfirði.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt erindi Húnavirkis ehf. þar sem óskað er eftir afriti af verktakasamningi við verktaka er annast skólaakstur á Vatnsnesi (leið 6). Sveitarstjóra falið að afla upplýsinga um atriði er varða erindið.
2. Fram lögð áskorun stjórnar USVH til sveitarstjórnar Húnaþings vestra um að samræma gjaldskrá íþróttamiðstöðvar í þá veru að öll börn frá grunnskólaaldri til 18 ára aldurs falli undir sama hatt í gjaldskránni. Samkvæmt samþykkt byggðarráðs frá 17. september 2012 fá ungmenni á aldrinum 16-18 ára 50% afslátt af gjaldskrá íþróttamiðstöðvarinnar.
3. Fram lagður undirskriftalisti eigenda tiltekinna jarða í Miðfirði þar sem óskað er eftir því að hitaveita verði lögð að jörðum þeirra. Um er að ræða jarðirnar Bergsstaði, Efri-Torfustaði, Neðri-Torfustaði, Urriðaaá, Ytra-Bjarg, Bjarg, Bjargshól, Brekkulæk, Staðarbakka 1 og Staðarbakka 2. Þess er óskað að kostnaðaráætlun verði unnin og borin undir eigendur áður en framkvæmdir hefjast. Lögð er áhersla á að undirbúningi og framkvæmdum verði hraðað sem frekast má. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til skoðunar framkvæmda-og umhverfissviðs. Byggðarráð felur framkvæmda-og umhverfissviði að afla tilboðs í gerð heildstæðrar úttektar á lagningu hitaveitu í dreifbýli í Húnaþingi vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:05

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.